

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1002/2013**

2019/EES/25/08

frá 12. júlí 2013

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar skrána yfir aðila sem njóta undanþágu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 1. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á alþjóðlega meðferð seðlabanka og opinberra aðila sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera og lagt niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið <sup>(2)</sup>. Framkvæmdastjórnin hefur einkum framkvæmt samþurðargreiningu á meðhöndlun slíkra opinberra aðila og seðlabanka innan réttarkerfis marktæks fjölda þriðju landa ásamt áhættustýringarstöðlunum sem eiga við um afleiðuviðskiptin sem þessir aðilar og seðlabankar stunda innan þessara lögsagna.
- 2) Að undanfarandi greiningu komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að seðlabankar og opinberir aðilar sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera ættu að njóta undanþágu frá stöðustofnunar- og tilkynningarskyldunni sem gildir um OTC-afleiður samkvæmt reglum um OTC-afleiður sem innleiddar hafa verið í Japan og Bandaríkjunum.
- 3) Með því að bæta seðlabönkum og opinberum aðilum sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera í Japan og Bandaríkjunum, við skrána yfir aðila sem njóta undanþágunnar, sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ætti að vera stuðlað

með hlutlausum hætti fyrir markaðinn að beitingu umbóta á OTC-afleiðum að því er varðar viðskipti við seðlabanka í þessum lögsögum sem og að meiri samfellu og samkvæmni á alþjóðavísu.

- 4) Peningaleg ábyrgð og stýring skulda hins opinbera hafa samanlögð áhrif á starfsemi vaxtamarkaða og því ætti að samræma þessa tvo þætti til að tryggja að þeir séu framkvæmdir á skilvirkan hátt. Þar sem reglugerð (ESB) nr. 648/2012 útilokar frá gildissviði sínu seðlabanka í Evrópusambandinu og aðrar opinberar stofnanir í Sambandinu sem sjá um skuldastýringu, til að geta þeirra til að sinna verkefnum sem varða sameiginlega hagsmuni skerðist ekki, myndi beiting mismunandi reglna fyrir báða þessa þætti hafa skaðleg áhrif á skilvirkni þeirra þegar aðilar í þriðju löndum sjá um þá. Til að tryggja að seðlabankar í þriðju löndum og aðrir opinberir aðilar sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera, geti áfram sinnt skyldum sínum með fullnægjandi hætti ættu opinberir aðilar í þriðju löndum sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera einnig að vera undanþegnir reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi c-liður bætist við 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

„c) seðlabanka og opinbera aðila sem sjá um, eða hafa afskipti af, stýringu skulda hins opinbera í eftirfarandi löndum:

i. Japan,

ii. Bandaríkjunum.“

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2018 frá 31. maí 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) COM(2013) 158, lokagerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júlí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---